



Nefndarsvið Alþingis  
b.t. Atvinnuveganefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Málsnr. 201202-0310  
Reykjavík, 27. febrúar 2012

**Efni: umsögn Tollstjóra vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um matvæli nr. 93/1995, 387. mál frá atvinnuveganefnd Alþingis.**

Með tölvupósti dags. 15. febrúar 2012 var embætti Tollstjóra sent til umsagnar frumvarp til laga um matvæli (heimildir Matvælastofnunar, kærufrestur, EES-reglur), þ.skj. 507, 387. mál. Eftir yfirferð yfir frumvarpið telur embættið rétt að koma á framfæri eflirfarandi athugasemdum er varða 1. gr. frumvarpsins sem heimilar Matvælastofnun rafrænan aðgang að farmskrárupplýsingum tollyfirvalda.

Fjallað er um farmskrá í tollalögum nr. 88/2005 og í II. kafla reglugerðar nr. 1100/2006 um vörslu og tollmeðferð vöru. Allar vörur sem far flytur frá útlöndum eða til útlönda skulu færðar á farmskrá skv. 58. gr. tollalaga. Stjórnendur fara í utanlandsferðum og eigendur eða umráðamenn, eftir atvikum, bera ábyrgð á að farmskrá sé gerð og afhent Tollstjóra við komu eða brottför, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 1100/2006. Farmskráin skal að jafnaði vera rafræn en Tollstjóri getur þó heimilað að þau séu afhent á pappír ef hann metur það óhjákvæmilegt, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 1100/2006. Samkvæmt 61. gr. tollalaga er afferming fars háð leyfi Tollstjóra. Tollstjóra er óheimilt að leyfa affermingu fars fyrr en aðkomuskýrsla, farmskrá og önnur skjöl sem lög og reglur áskilja hafa verið afhent. Þær upplýsingar sem farmskrá skal innihalda eru tilgreindar í 5. gr. reglugerðar nr. 1100/2006 og er þar gerð krafa um nokkuð ítarlegar upplýsingar.

Farmskrárkerfi tollyfirvalda er því miður komið til ára sinna og hefur þar af leiðandi ekki tæknilega burði til að taka við öllum þeim upplýsingum sem tilgreindar eru í 5. gr. reglugerðar nr. 1100/2006. Í farmskrárkerfi tollyfirvalda er hægt að nálgast upplýsingar um sendingarnúmer, ákvörðunarstað, móttakanda, merki á vöru, brúttóþyngd, stykkjatölu, tegund umbúða og vörulýsingu. Sú vörulýsing sem má finna í kerfinu er aðeins almenns eðlis en ekki nákvæm útlistun á þeim vörum sem sending inniheldur, t.d. er ekki að finna upplýsingar um tollskrárnúmer þeirra vara sem sending inniheldur. Þær upplýsingar koma fram í aðflutningsskýrslu sem innflytjandi leggur fram. Þá inniheldur farmskrárkerfi tollyfirvalda hvorki upplýsingar um sendanda né það land sem sending kemur upphaflega frá.

Einnig er rétt að vekja athygli á því tímamarki sem farmskrárupplýsingar berast inn í kerfi tollyfirvalda. Af ofangreindum reglum leiðir að farmskrá þarf að hafa borist Tollstjóra rafrænt í allra síðasta lagi við komu fars til landsins en Tollstjóra er óheimilt að gefa leyfi



## TOLLSTJÓRI

fyrir affermingu skips fyrr en farmskrá og önnur viðeigandi skjöl hafa verið afhent, sbr. 61. gr. tollalaga.

Til að eftirlit sé virkt og skili þeim árangri sem að er stefnt þá þarf það að hefjast fyrr en á þeim tímapunkti sem upplýsingar berast í farmskrárkerfi tollyfirvalda. Af þessum ástæðum hefur Tollstjóri aðgang að **farmskrárkerfum farmflytjanda** eða fær upplýsingar sendar frá farmflytjendum með tölvupósti í einhverjum tilfellum, t.d. hvað varðar flugfrakt og hraðsendingar. Með slíkum aðgangi er hægt að nálgast upplýsingar mun fyrr en í farmskrárkerfi tollyfirvalda, eftir atvikum allt að 3-4 dögum áður en far kemur til landsins. Einnig innihalda farmskrárkerfi farmflytjanda ítarlegri upplýsingar en farmskrárkerfi tollyfirvalda en þar er t.d. að finna upplýsingar um sendanda og það land sem sending kemur upphaflega frá.

Embætti Tollstjóra telur nauðsynlegt að Matvælastofnun verði veittur sambærilegur aðgangur að farmskrárupplýsingum farmflytjanda og Tollstjóri hefur til að eftirlit verði skilvirkt og skili þeim árangri sem stefnt er að. Með þeim hætti fengi stofnunin aðgang að upplýsingum fyrr en ella og fengi einnig aðgang að upplýsingum sem ekki er til að dreifa í farmskrárkerfi tollyfirvalda. Það er mat Tollstjóra að aðgangur Matvælastofnunar að farmskrárkerfum tollyfirvalda dugi ekki einn og sér til að halda uppi fullnægjandi eftirliti.

Að lokum er rétt að komi fram að vegna tæknilegra atriða er ekki hægt að veita aðgang að farmskrárkerfi Tollyfirvalda sem er takmarkaður við ákveðin atriði eins og t.d. sjávarfang. Tæknilega er einvörðungu hægt að veita fullan aðgang að farmskránni.

Virðingarfyllst,

f.h. Tollstjóra

Guðbjörg Matthíasdóttir, deildarstjóri

Tollasvið – lögfræðideild  
Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík